

Samkeppniseftirlitið
b.t. Steingríms Ægissonar.

Míla er eina heildsala fjarskiptafélaga á Íslandi með gjaldskrá sem er undir eftirliti Fjarskiptastofu og því mun það örugglega raska samkeppnisumhverfi allra fjarskiptafélaga á Íslandi verði þessi sala á Mílu samþykkt! Hringiðan er andvíg sölu Mílu til erlends félags sem ekki verður hægt að tryggja að SKE, Fjarskiptastofa eða aðrir viti hverjir raunverulegir eigendur eru að.

Íslenska Ríkið og stofnanir þess eiga að koma í veg fyrir að eina heildsöla fjarskiptafélaga og jafnframt það félag sem rekur flesta fjarskiptainnviði ásamt NATO leiðarann sem tengir allar ratsjástöðvar NATO og gengir því veigamiklu hlutverki fyrir varnabanddalag NATO ásamt því að tengja saman meirihluta fjarskiptainnviða um allt Íslandi svo og allar stofnanir ríkisins verði selt til erlends fyrirtækis! Ólíklegt verður að teljast að heimilt sé að skrá eignarhald, rekstur og viðhald á ljósleiðara NATO og Íslenska ríkisins í eignarhaldsfélagi sem Ardian ætlar að skrá í Luxembourg ef þær heimildir eru réttar?

Hringiðan telur eingar líkur á að erlent eignarhald muni tryggja öruggt og hagkvæmt aðgangi að íslenskum fjarskiptainnviðum betur enn innlendir eigendur. Er hugsanlegt að Síminn sé einfaldlega að selja Mílu inn í erlent eignarhaldsfélag til að tryggja að Síminn komist undan kvöðum sem SKE lagði á félagið vegna eignarhalds á Mílu. Hvernig á SKE eða Fjarskiptastofa að vita hverjir eru raunverulegir eigendur Mílu ef félagið verður selt inn í eignarhaldsfélag erlendis!

Hringiðan hefur áhyggur af öryggi fjarskiptainnviða og heildsöluaðgangi fjarskiptatenginga á Íslandi verði þessi sala samþykkt!

Með vísan til tölvupósts Samkeppniseftirlitsins (SKE) dags. 21.7 2022 sendist hér með svör Hringiðunnar ehf á hluta af þeim liðum sem komu fram í tölvupósti erindi frá ykkur í vikunni.

Svar við bréfi SKE.

33. mgr.: Skilyrðin frá 2015 eiga að tryggja að *heildsala Símans sé hjá Símanum*.

Sú breyting sem Síminn gerði um áramótin 2020/2021 er í andstöðu við þetta atriði sáttarinnar! Með breytingunum var heildsala og burðarnet Símans flutt til Mílu þar með talið var rekstur AS númers og IPnet kerfi Símans fært til Mílu og virðist mér Síminn hafa gert alrekstrarsamningur sem gerði að verkum að allur netrekstur Símans var færður til Mílu!

Því virðist öll tæknileg þjónusta fyrir alla viðskiptavinum Símans vera afgreidd af Mílu, ég veit að ég hef látið færa heimasíma símans á ljósleiðaratengingar Mílu og það ef afgeitt af Mílu enn ekki hjá Símanum.

Jafnframt afsalaði Síminn sér AS-númerinu 6677 og IPv4 tölum Símans til Mílu og er ekki hægt að skilja slíkt öðruvísi en að Síminn sér kominn í alrekstrarsamningi við Mílu um upptengingu og afhendingu á allri tækni og fjarskiptaþjónustu af Mílu væntanlega aðgangsléið 4.

Það eru því engin fjarskiptakerfi eftir hjá Símanum sem núna er í raun eingöngu sölufyrirtæki. Án AS númera og IP talna símans getur síminn ekki stundað fjarskipta og Internet rekstur án þessari innviða samallir voru úthlutaðir af RIPE til Símans á sínum tíma!

Lóðrétt starfandi fjarskiptastarfsemi virðist enn að fullu virk, hún hefur bara verið færð frá Símanum til Mílu!

Undirritaður hefur ekki séð „heildsölusamning“ Símans við Mílu sem fyrir liggur að nauðsynlegt er að hann verði ítarlega skoðaður af kunnáttumönnum í fjarskiptum. Verulegar líkur eru á að ekki sé jafnræði á verðum og viðskiptaforsemmum milli Mílu og Símans og Mílu og annarra fjarskiptafélaga í viðskiptum við Mílu þar sem þjónusta samkvæmt honum er ekki samkvæmt kostnaðargreindri gjaldskrá samþykktari af fjarskiptastofu gagnvart Mílu!

Hringiðan hefur ítrekað verið bent á og fengið heimildir um að Hringdu séu að umtalsverðum hluta í eigu sömu aðila og Síminn. Þar sem Hringdu hefur keypt nánast öll aðföng sín af Símanum eða heildsölu símans sem far flutt til Mílu og verð Hringdu hafa allaf verið undir verði allra annara fjarskiptafélaga fer Hringiðan hér með fram á að SKE óskar eftir upplýsingum um saminga um viðskipti milli Hringdu og Símas sem væntanlega hafa nýlega verið endurnýjaðir og færðir frá Símanum til Mílu. Ljóst er að öll aðföng Hringdu nema kannski tengingar um kerfi ljósleiðarans hafa verið keyptam símanum og því full ástæða til að skoða samninga sem væntanlega hafa verið færðir frá Símanum til Mílu á síðastliðnum 2 árum. Sérstaklega ætti að skoða eignarhald Hringdu gaumgæfilega því ítrekað hafa aðilar á markaði upplýst okkur um að Síminn og eða aðilar tengdir símanum eigi og hafi ítrekað bætt við eignarhlut sinni í félaginu!

Ef heildsölusamningurinn sem gerður var tiltekur sölu á annarri þjónustu til Símans en aðgangsléið 4 eru verulegar líkur á að um að ræða brot á ákvörðun SKE nr. 6/2015 nánar tiltekið 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr 8. gr. ákvörðunarinnar.

37. mgr.: Það er mikivægt að ákvörðun nr. 6/2015 verði ekki felld niður án ítarlegs mats á því hvort skilyrði í henni eigi enn við um starfsemi Símans og Mílu eftir flutning á allri fjarskiptastarfsemi Símans til Mílu. Það myndi skaða önnur fjarskiptafélög mikið að geta ekki átt í viðskiptum við Mílu á sömu eða sambærilegum forsemmum þannig jafnræði sé á milli fjarskiptafyrirtækja í heildsöluaðföngum.

Nauðsynlegt er að mat fara fram í því og ætti SKE tryggja að það fari fram til að sjá hvort farið hafi verið eftir sáttum og ákvörðunum **SKE nr. 6/2015 um jafnræði í viðskiptum Mílu til Símans og annara fjarskiptafélaga!**

40. mgr.: Hringiðan tekur undir mat Samkeppniseftirlitsins.

42. mgr.: Hringiðan metur það jafn samkeppnishindrandi hvort um skilyrði með einkasölusamningi milli Símans og Mílu séu til 17 ára með framlengingu um 8 ára eða 20 ára með framlengingu um 5 ár er að ræða.

101. mgr.:

Með því að Míla hefur yfirtekið burðarnet Símans þar með talið IPnet sem hefur verið smásöluvera símans og MPLS þjónustu Símans er **Míla þannig komin í beina samkeppni við viðskiptavinum sína!**

Ef Míla færi eða jafnvel væri nú þegar að selja í smásölu IPnet líklega til fyrirtækja líkt og Vofavone og Nova gera. Verður Míla þá starfandi á lóðréttum markaði á öllum lögum alveg eins og Síminn gerði áður.

108. mgr.:

Hringiðan fullyrðir að standi samruninn óbreyttur muni samkeppnisstaða fjarskiptafyrirtækja á heildsölumarkaði versna verulega!

109. mgr.: Hringiðan er sammála mati Samkeppniseftirlitsins.

Varðandi bréf LOGOS f.h. Símans koma hér eftirfarandi athugasemdir

3. mgr. – c-liður: „Í hnotskurn er það svo að salan [á tilteknum kerfum frá Símanum til Mílu] var óháð þeim tiltekna samruna sem mál þetta lýtur að og því ekki rétt að líta til hennar við mat á staðleysuáhrifum samrunans. Óháð því hefur salan jákvæð áhrif á samkeppni, einkum á heildsölumörkuðum fjarskipta.“ Þetta er rangar fullyrðingar!

Salan á kerfum Símans fór fram þegar ljóst var að til stóð að selja Mílu og klárlega í þeim tilgangi að hækka verðið á Mílu um 8 milljarða.

27. mgr.: Fullyrðing Logos fyrir Símann stenst ekki þar sem „þjónustusamningurinn“ veldur því að hagsmunir Mílu og Símans verða svo samofnir og ógegnisær að samkeppnisaðilar Símans munu bera minna traust til Mílu en áður og í auknu mæli færa viðskipti frá Mílu þegar og þar sem það verður hægt ef Míla vinnur geng viðskiptavinum sínum enn ekki með þeim!

29. mgr.: Logos svarar því fyrir Símann að ákvörðun SKE nr. 6/2015 haldi en á sama tíma er því haldið fram að Ardian ráð fyrir því að gert sé endurmat eða hreinlega að niðurfelling fari fram í ákvörðunarinnar þar sem SKE hafi 90 daga til að endurmeta allar forsendur ellegar falli ákvörðunin niður sjálfkrafa! Svona málflutningur stenst ekki.

35. mgr.: Síminn hefur framselt allan vélbúnað og allar sínar IP-tölur til Mílu. Það er því nær útilokað að Síminn geti dregið sig út úr samningssambandinu. Skv. þessu er Síminn að kaupa með einkasölusamningi aðgangsléið 4 af Mílu.

Í þessu sambandi er rétt íhuga hvort ekki sé full ástæða til að skoða þjónustusamning Símans við Hringdu sem nú hefur væntanlega verið fluttur frá heildsölu Símas yfir til Mílu.

Nýtur Hringdu jafnræðis við Símann í þjónustusamningi sínum við Mílu?

Full ástæða er til að skoða hvort Hringdu nýtur sömu kjára hjá Mílu og Síminn. Þessi skoðum mun þá væntanlega skýra afhverju Hringdu getur boðið lægstu verð á markaðnum!

40. mgr.: Með því að Síminn hefur selt IP-tölur sínar til Mílu á Síminn ekki annarra kosta völn en að kaupa alla sína net og fjarskiptaþjónustu af Mílu.

Sem dæmi þá er Síminn ekki lengur í aðstöðu til að kaupa aðgangsléið 1 eða aðgangsléið 3 beint á aðgangskerfi annarra þótt þeir vildu !

Síminn þarf lágmarks innviði til að kaupa þá þjónustu, t.d. aðgangsstýringarkerfi sem úthlutar IP-tölum til notenda. Síminn hefur selt allt sem til þarf að veita þjónustu yfir aðgangsléið 1 eða aðgangsléið 3 til Mílu. Enska klausan leiðir af sér að ef ekki er í boði ljósleiðari Mílu í tilteknu hverfi þá geti Síminn keypt þjónustuna (heimtaugina) t.d. af Ljósleiðaranum og lætur Mílu um að úthluta IP-tölu á sambandið en um leið og Míla byggir upp við hlið Ljósleiðarans beri Símanum að flytja þau viðskipti til Mílu.

47. mgr.: Hringiðan er sammála mati Samkeppniseftirlitsins.

113. og 114. mgr.: Hér er sýnt fram á að með samrunanum mun framboð IPnet og MPLS kerfa fækka með því að Síminn hætti að bjóða þá þjónustu um land allt! Slíkt mun fækka valkostum fyrir þá sem kaupa IPNET og MPLS þjónustu og skaða samkeppni.

127. mgr.: Allt tal um að samruni muni leiða af sér hagræðingu eða tæknilegar framfarir fellur um sjálfst sig því að fyrir samrunann á Ardian ekki neina fjarskiptainnviði sem myndu nýtast til samlegðaráhrifa. Haggræðingar eða tæknilegar framfarir verða því engar.

134. mgr.: Kom það fram þegar grein var gerð fyrir sölu umræddra eigna að Míla myndi taka við öllum IP-tölum og AS-númeri Símans?

Hringiðan telur þetta vera lykilatriði því að Síminn rekur nú ekkert IP-fjarskiptakerfi. Heildsala Símans endurselur því í raun fjarskiptaþjónustu Mílu en á enga tæknilega aðkomu að veitingu þjónustunnar. Rétt er að taka fram að allir eða flestir starfsmenn Símans sem unnu hjá heildsölu símans eru nú starfsmenn Mílu. Þar af leiðandi á Síminn ekki annarra kosta völn en að kaupa Aðgangsléið 4 af Mílu. Aðgangsléið 4 er hluti birtrar kostnaðargreindrar gjaldskrár Mílu, ekki er gegnsætt í „þjónustusamningnum“ hvort gert er ráð fyrir slíku fyrirkomulagi eða sk. alrekstrarsamningi þar sem Míla sér Símanum fyrir öllum aðföngum fjarskiptaþjónustu nema söludeild, þ.m.t. AS númeri og IPtölum og Internetgáttum og svo mætti lengi telja.

140. mgr.: Hér er ránglega farið með staðreyndir. Sú starfsemi sem færð var til Mílu var gerð til að hækka verð á Mílu um a.m.k. 8 milljarða eins og áður hefur verið nefnt.

173. mgr.: Mílu var og er í lófa lagið að reka gagnaflutning eftir ethernet kerfi sínu. Míla þarf ekki MPLS kerfi til þess. Að auki kemur fram í 175. mgr. að Míla rekur MPLS-Transport kerfi.

Vegna bréfs LEX f.h. AB855/Ardian Gerir Hringiðan eftirfarandi athugasemdir.

106. mgr.: Það er enginn vafi á að lóðrétt áhrif samrunans aukast verulega vegna þess eins að netkerfi Símans fluttust frá Símanum til Mílu.

Það að MPLS kerfið sé rekið af Mílu ofan á burðarneti Mílu mun einnig verða til þess að Míla keppir við sína viðskiptavinum! Ekki mun það auka traust okkar og annarra fjarskiptafélaga sem kaupa þjónustu í heildsölu af Mílu.

111. mgr.: Hringiðan hefur ekki séð samninga milli Símans og Mílu en skv. því sem farið er yfir úr efni hans er ljóst að aðgangur Símans að þjónustu Mílu verður verulega frábrugðinn aðgangi annarra að þjónustu Mílu. Hringiðan vill í að SKE kynni sér ýtarlega hvort hann sé ekki brot á ákvöðunum 6/2015 þar sem ítrekað var í sáttum 2012 og 2013 svo og ákvöðunum 6/2015 að Hringiðan og önnur fjarskiptafyrirtæki eigi að standa til boða sama þjónustu á sömu verðum og Míla selur til Símans og á sömu viðskiptakjörum!

Það hlýtur að vera krafa um að viðskiptin séu á jafnræðisgrundvelli skv. almennri gjaldskrá og þjónustuframboði Mílu. Þannig ætti ekki að vera nein þjónusta sem Míla veitir sem stendur eingöngu Símanum til boða er það ?

Magn þjónustu og skuldbindingar Símans gagnvart Mílu um fjölda tenginga er það sem þessi „heildsölusamningur“ ætti að innihaldið ef öll sendur til boða öll þjónusta Mílu ! Hringiðan óskar eftir að fá afrit af þessum samning til að tryggja að okkur standi til boða sama þjónusta á sömu verðum sem Míla hefur aldrei staðið við frá sátt SKE 2012 og 2013.

129. mgr.: Ardian gengur út frá því að ákvörðun 6/2015 verði felld úr gildi hvað Mílu varðar! Slíkt kemur ekki til álita nema að undangenginni sérstakri rannsókn Samkeppniseftirlitsins sem feli í sér markaðspróf og tryggi að slíkt leiði ekki til minnkandi samkeppni á heildsölumarkaði.

Varðandi tillögu Ardian að nýrri sátt (viðauki 1) vill Hringiðan benda á:

- 1. liður.** Strax í fjórðu málsgrein er orðalag sem auðvelt er að fara í kring um. Hvernig eru sannanlegar málefnalegar ástæður metnar? Væri Mílu t.d. heimilt að skilyrða kjör við að tiltekið magn þjónustu sé keypt?
- 2. 4. liður.** Sé óháður kunnáttumaður tilnefndur verður hann ekki óháður ef Míla tilnefni hann!
- 3. 6. liður.** Hér er aftur krafa um niðurfellingu sáttar/ákvörðunar. Óeðlilegt að krefjast þess að sé málið ekki afgreitt að 90 virkum dögum liðnum að þá falli sáttin niður enda mun Samkeppniseftirlitið og eftir atvikum Fjarskiptastofa þurfa að framkvæma markaðspróf og meta þær breytingar sem niðurfelling sáttar myndi hafa.

Að auki ber sáttin með sér að þar sem í 1. lið, 2. mgr. er jafnræðiskvöð, að markaðsaðilar geta ekki fallist á að „heildsölusamningurinn“ sé trúnaðarmál milli Mílu og Símans þar sem þeir geta ekki séð hvaða þjónusta býðst Símanum til að sannfærast um að hún sé einnig í boði fyrir aðra. Þar af leiðandi ætti „heildsölusamningurinn“ eingöngu að fela í sér skuldbindingar um magn þjónustukaupa en ekkert annað.

Er ekki nokkuð auðséð að þessi sala er gerð til að Síminn komist undan kvöðum SKE ?

f.h. Hringiðunnar ehf.
Guðmundur Unnsteinsson
Framkvæmdastjóri